

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 28. október 2011

í máli nr. E-11438/2009:

Arion banki hf

(Karl Óttar Pétursson

hdl.)

gegn

Guðmundi Reykjalín

(Sigurður

Guðmundsson hrl.)

Mál þetta sem dómtekið var 26. september sl. er höfðað með stefnu birtri 8. september 2009.

Stefnandi er Arion banki hf. áður Nýi Kaupþing banki hf. Reykjavík.

Stefndi er Guðmundur Reykjalín, Miðbraut 36, Seltjarnarnesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 6.602.912 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 20. maí 2009 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 5. mars 2010 var máli þessu vísað frá dómi en með dómi Hæstaréttar Íslands 20. apríl 2010 var úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi.

MÁL SATVIK

Stefnandi lýsir málsatvikum svo að krafan sé vegna uppsafnaðrar yfirdráttarskuldar á tékkareikningi stefnda nr. [...] í útibúi stefnanda nr. 0327. Hafi stefndi gerst brotlegur við reglur um reikningsviðskipti og nefndum reikningi lokað

hinn 20. maí 2009. Hafi uppsafnaður yfirdráttur stefnda þá numið samtals 6.602.912 krónum sem sé stefnufjárhæð þessa máls. Þrátt fyrir innheimtutilraunir hafi skuldin ekki fengist greidd af stefnda.

Með heimild í lögum nr. 125/2008 hafi Fjármálaeftirlitið tekið þá ákvörðun að taka yfir vald hluthafafundar Kaupþings banka hf., kt. 000000-0000, og víkja stjórn bankans og skipa skilanefnd yfir hann. Ákvörðun þessi sé dagsett 9. október 2008. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 22. október 2008, hafi Fjármálaeftirlitið tekið ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf.

Stefnandi vísar kröfum sínum til stuðnings til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglna samningaréttarins um skuldbindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fái m.a. stoð í lögum nr. 7/1936. Þá er vísað til 4. gr. laga nr. 94/1933, en skv. þeirri grein sé útgefandi tékka skuldbundinn til að hafa til umráða fé hjá greiðslubanka, sem honum sé heimilt, samkvæmt samningi við greiðslubankann, að ráðstafa með tékka. Krafa um málskostnað byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991. Um dráttarvexti vísast til III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001. Stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattskyldur, sbr. 10. tl. 3. mgr. 2. gr. 1. nr. 50/1988, og beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda við ákvörðun málskostnaðar. Varðandi varnarþing vísar stefnandi til 32. gr. laga nr. 91/1991 og um aðild til 100. gr. a. 1. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og ákvörðunar fjármálaeftirlitsins 22.10. 2008.

Stefndi kveður málsatvik í raun þau að félag í eigu stefnda, Ægisgata 7 ehf, hafi verið að byggja raðhús að Litlakrika 68-74 og einbýlishús að Stórakrika 38 í Mosfellsbæ og hafi framkvæmdirnar verið fjármagnaðar af Kaupþing banka hf. Upphaflegur lánsamningur hafi verið að fjárhæð 165.000.000 króna en stefnandi hafi aldrei uppfyllt þann lánasamning heldur einungis lánað 147.000.000 krónur þrátt fyrir að tryggingar væru settar að verðmæti vel á fjórða hundrað milljónir. Í upphafi hafi eftirfarandi tryggingar verið settar:

1. Tryggingarbréf útg. 22. mars 2007 að fjárhæð 200.000.000 króna, tryggt með 1. veðrétti í Litlakrika 68-74,
2. Tryggingarbréf útg. 20. mars 2007 að fjárhæð 10.000.000 króna, tryggt með 7. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Miðbraut 36, Seltjarnarnesi
3. Tryggingarbréf útg. 18. mars 2007 að fjárhæð 10.000.000 króna, tryggt með 5. veðrétti í Viðarási 19, Reykjavík. Tryggingarbréf þetta hafi síðar verið fært á Miðbraut 36, Seltjarnarnesi.

Síðar hafi eftirtöldum tryggingum verið bætt við:

Handveð í vörslusafni Guðmundar Reykjalín í Kaupþing banka hf. nr. [...], en á því tímamarki hafi eignir safnsins numið 66.310.355 krónum.

Handveð í vörslusafni Reykjakots ehf., en það félag sé í eigu Guðmundar Reykjalín og konu hans Guðrúnar Jónsdóttur, í Kaupþing banka hf. nr. [...], en

eignin hafi á veðsetningardegi numið 59.779.625 krónum.

Vegna glæfralegrar fjármálastarfsemi Kaupþings banka hf. og annarra fjármálafyrirtækja á Íslandi hafi þau veð sem sett höfðu verið til tryggingar rýrnað mjög og hafi það leitt til mikils tjóns fyrir stefnda og félög í eigu hans. Eignir hafi rýrnað í verði jafnt fasteignir sem vörslusöfn á meðan skuldir sem hafi verið gengistryggðar hafi hækkað verulega.

Stefndi telur sig hafa orðið fyrir verulegu tjóni vegna saknæmrar og ólögðrar háttsemi forsvarsmanna og starfsmanna Kaupþings banka hf. sem leitt hafi til verulegrar rýrnunar á eignum hans og þeim tryggingum sem settar hefðu verið af honum og félagi í hans eigu. Starfsmenn stefnanda hafi ekki gætt þess að selja eignir vörslusafns meðan eignirnar hafi verið einhvers virði heldur hafi eignir stefnda og félaga í hans eigu gufað upp í vörslum stefnanda og sé það alfarið á hans ábyrgð. Þá telur stefndi að stefnandi hafi vanefnt upphaflegan lánasamning við Ægisgötu 7 ehf. með því að greiða aldrei út að fullu umsamið lán. Hafi sú vanefnd stefnanda leitt til þess að stefndi hafi sjálfur orðið að nota yfirdráttarheimild er hann hafi haft á reikning sinn hjá stefnanda og fjármagna þannig framkvæmdir Ægisgötu 7 ehf. til þess að framkvæmdir við Litlakrika og Stórakrika stöðvuðust ekki. Framkvæmdirnar hafi falið í sér verðmætaaukningu í þessum eignum til hagsbóta fyrir stefnanda sem eigi veðrétt í eignunum. Jafnframt hafi það verið að kröfu bankans að stefndi hafi haldið framkvæmdunum áfram á eigin reikning. Stefndi telur tjón sitt vegna fjárglæfrastarfsemi Kaupþings banka hf. nema mun hærri fjárhæð en stefnandi sé að krefja um í máli þessu. Krefst hann þess að kröfur hans komi til skuldajöfnunar og því beri að sýkna hann af kröfum stefnanda. Askilji stefndi sér rétt til að höfða sjálfstætt mál til innheimtu skaðabóta fyrir því sem umfram verður. Stefndi telur að stefnandi þessa máls hafi tekið yfir bæði réttindi og skyldur Kaupþings banka hf. varðandi viðskipti aðilanna og verði að sæta þeim mótbárum er stefndi hefði getað haft uppi gagnvart Kaupþing banka hf. og taka á sig þá ábyrgð er Kaupþing banki hf. hafi borið í viðskiptasambandi þeirra.

NIDURSTAÐA

Af hálfu stefnanda hafa verið lögð fram gögn um að reikningur stefnda nr. [...] hafi verið yfirdreginn um þá fjárhæð sem krafid er um greiðslu á. Stefndi ber fyrir sig að hann hafi beðið tjón af ólögðri hegðan starfsmanna Kaupþings banka hf. og askilur sér rétt til þess að höfða mál á hendur vegna þessa en í þessu máli hefur hann ekki haft uppi sjálfstæðar kröfur til skuldajafnaðar, einungis haldið því fram að tjón hans vegna hegðunar Kaupþings banka hf. hafi valdið honum mun meira tjóni en nemi fjárhæð þeirri sem krafid er um í máli þessu. Þykja ekki efni til að fjalla frekar um varnir stefnda sem takmarkast við framangreint og verða kröfur stefnanda teknar til greina eins og greinir í dómsorði.

Eftir úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 600.000 krónur í málskostnað þar með talinn virðisaukaskattur.

Við uppkvaðningu dóms er gætt ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

DÓMSORÐ

Stefndi, Guðmundur Reykjalin, greiði stefnanda, Arion banka hf., 6.602.912 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 20. maí 2009 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 600.000 krónur í málskostnað.

Allan V. Magnússon